

2014

# Sumar í sveitinni 1966.

*Sá sem vill  
sjá góða  
daga haldi  
sér frá vöndu  
og gjöri gott.*

*Allt megu  
ég fyrir hjálp  
hans sem mig  
styrkan  
gjörir.*


*Lát engan  
líta smáum  
augum á  
æsku þína.*

*Jesú fer fyrir  
og honum  
fylgi ég og er  
þar sem hann  
er.*


*Söknuðurinn  
kemur en í  
Jesú sigrast  
ég á honum.*

*Ver þú  
hughraust/ur  
hrausta hetja  
Drottins.*

" Saga hafnfirsks drengs sem í fyrsta skipti fer úr foreldrahúsum þá tólf ára gamall og upp í áætlunarrútu til dvalar á íslensku sveitaheimili. "



" Sá sem hylur yfirsjónir sínar,  
verður ekki lángefinn,  
en sá sem játar þær og lætur af þeim,  
mun miskunn hljóta. "  
(Orðskv. 28: 13.)



Málæðinu fylgja yfirsjónir,  
en sá breytir hyggilega,  
sem hefur taum á tungu sinni. "  
(Orðskv. 10: 19)

*Höfundur: Korráð Ránar Friðfinnsson  
www.sporisandi.is  
17.4.2014*



# Sumar í sveitinni 1966.

KRF tók saman.

Saga hafnfirskis drengs sem í fyrsta skipti fer úr foreldrahúsum þá tólf ára gamall og upp í áætlunarrútu til dvalar á íslensku sveitaheimili. Árið er 1966 um sumarið og skóli og próf að baki.

Ferð drengsins var í engu óhefðbundin. Enda algengt að kaupstaðarkrakkar dveldu sumarlangt á íslenskum sveitaheimilum og kæmu heim að hausti og áður en skólar byrja. Þetta var venja krakka sem á annað borð fóru í sveit.

Á þessum tíma litu flestir landsmenn jákvætt á að börn kynntust búskap og tækju til hendi við bústörf. Ásamt því að vera innanum mikilvæg húsdýrin sem eru hverri þjóð til fæðuöflunar og allir þekka sem ein og önnur kjötvara á borðum heimila. Hluti afurða búa er mjólk, rjómi, smjör og fjölmargar aðrar afurðir sem spretta beint af búskapnum.

Drengurinn, eins og margir aðrir, öðlaðist vissa reynslu af ferð sinni austur fyrir fjall og upplifði ýmislegt sem bjó til góða reynslu sem hann lengi bjó að. Og sumt til dagsins í dag.

KRF. 2014



Á æskuárum mínum í Hafnarfirði var ekki óalgengt að krakkar og unglingar færu í sveit eftir að skóla lauk á vorin og eyddu sumrinu þar og kæmu svo aftur heim að hausti og fljótlega eftir réttir. Sumir fengu lamb að gjöf strax um burðinn sem varð eftir í umsjá bónda. Réttirnar þóttu ágætis lok í rest hvernar sumardvalar og taldar krökkunum eftirminnilegur tími og kannski toppurinn á tilveru sumarsins. Sem sumpart má taka undir.

Sumir krakkar voru " sendir í sveit " með þá ólund í hjarta. Sem ekki er gott. Aðrir fóru þangað af fúsu geði og tilhlökkun í hjarta. Svo voru það hinir sem tóku upp á sitt eindæmi að fara án þess að spyrja fyrst kóng né prest. Búnir að heyra ýmislegt skemmtilegt frá dvöl annarra krakka á þessum og hinum sveitabænum sem allar kveiktu allskonar skemmtilegar hugsanir í þessa veru. Höfundur var einn af þessum krökkum sem heyrði sögur hinna. Þetta varð til þess að hann valdi fyrir sig að prófa sveitaheimili og réðst með sama í framkvæmdina 12 ára gamall að vorprófum nýloknum.

Skömmu eftir prófin var höfundur á tali við félagi sinn þar sem dúfukofabyggðin var við Hraunbrekku og Þórólfsstötu, þar hægra megin út í hrauninu og í átt að Víðistaðatúni sem á þessum tíma hlaðinn grjótveggur stóð við í um tvö hundruð metra frá þeim stað sem Hraunbrekka og Þórólfsgröta mættust. Þórólfsgröta beygði til vinstri. En þarna, við hlaðna grjótvegginn, voru, sem sagt, þessir dúfnakofar.

Strákur þessi var ári eldri og hafði dvalið á bæ einum í Hraungerðishreppi austan við Selfoss sumarið 1965. Hann hvatti mig til að komast að á þessum bæ um sumarið með þeim orðum að hjónin sem þar byggju tækju alltaf krakka úr bænum yfir sumarið og hefðu hjá sér til hausts. Sjálfur sagðist hann starfa á næsta bæ við hliðina og búin að koma sínum málum svo fyrir að af yrði. Sem og gerðist. Orð hans höfðu sín áhrif. Ekki nokkur efi.

12 ára gamall þekkti maður sem vonlegt er fátt nema foreldrahús og hafði ekki mikið farið út fyrir bæjarmörkin né heldur ferðast mikið. En slíkt var alls ekki óalgengt í þann tíð öndvert við nú og menn út um hvippinn og hvappinn og engar vegalengdir þannig séð sem orðið hindra einn né neinn í einu né neinu. Á mínum æskuárum var ekki svo. Þvert á móti. Ferð til Reykjavíkur var á sinn hátt mesta upplifun og " sjaldséður fugl " fyrir margan hafnfirskan krakkann. Enda bílaeign manna þá önnur en í dag.



Þessi jörð var í fullum rekstri 1966 en er nú eitt eyðibýlanna. Myndin er tekinn 2011.

Áhuginn sem sagt kviknaði hjá höfundi af samtalinu og innanum kurr dúfnanna og vængjaslátt og fannst honum verkefnið bæði spennandi og áhugavert. Og það varð úr að taka næsta skref í þessa átt. Eftir samtalið gekk hann rakleitt til símsstöðvarhússins við Strandgötu Hafnarfjarðar og fór þar inn og pantaði símtal við þetta númer sem hinn hafði fengið honum uppskrifað á blað. Minnir að reglan þarna á símsstöðinni hafi verið sú að viðskiptavinir kæmu fyrst við á afgreiðsluborðinu og bæru upp erindi sitt við afgreiðslukonurnar og þær svo hringt í uppgefið símanúmer og vísað viðskiptavininum á einn símklefan til hliðar eftir að samband var komið á. Símaklefar þessir stóðu hægra megin

Þegar inn var komið og þar meðfram veggnum. Margir í Hafnarfirði muna vel eftir þeim og líka þykkri hurðinni sem á þeim var og litla glugganum og gægjugatinu.

Tvær stuttar og ein löng gall við á hinum enda símalínunnar í sveitinni, gamli góði sveitasíminn ennþá við lýði, og tólinu lyft og hægt að spjalla við bónda umrædds sveitabæ í Flóanum. Eftir nokkra algengar spurningar, um aldur, reynslu og svo framvegis, varð úr að höfundur kæmi. Áður en samtalinu lauk var komudagur ákveðinn sem höfundur því miður mann ekki lengur hver var. Enda langt um liðið. Launin yfir sumarið voru fæðan og þjónustan. Sem sagt, þvottur á fatnaði og annað tilheyrandi. Einnig það var algengt þó stundum væri greitt með börnum. Allur gangur var á.

Þar sem foreldrarnir höfðu ekki að fyrra bragði verið spurðir álit og því ekki gefið leyfi fyrir sitt leiti var ekki um neitt annað að ræða en að stika beint af símstöðinni og heim og tilkynna réttum aðilum tíðindin og í hvað stefndi hjá kauða. Aðferðin var svolítið " skjóta fyrst og spyrja svo " dæmi. Kannski eigingjarnt og allt saman það. En samt. Svona gerðist þetta. Sá maður sjálfur svo sem ekkert rangt við ákvörðun sína né heldur að framkvæma hana með þeim hætti sem gert var. Sannleikurinn var að nú fylkti hann sér í flokk með öðrum hafnfirskum krökkum sem fóru í sveit. Hann var því bara enn einn hafnfirðingurinn til viðbótar öllum hinum sem dvöldu á sveitaheimili yfir sumar. Aðferðin er máski gagnrýnisverð en leið höfundar í þessu sérstaka máli.

Sjálfur hugsað maður ekkert út í neitt svoleiðis og fannst gerningur sinn eðlilegasti. Og hví ekki? Allt fór vel og valið reyndist gott. Enda hreint prýðis fólk sem maður var hjá þetta sumar með góðar minningar í farteskinu æ síðan. Vel fór um mann þarna og vinnan skapleg. Nægur tími gafst til leikja og hvíld nóg. Mann vel eftir allskonar leikjum þarna eins og leikjum með leggi og skel, eins og krakkar gera, og girðingunni sem við gerðum til að hafa leggina og skeljarnar í. Þetta var okkar eigið bú. Í dag (2014) fréttir maður af tólf ára börnum sem drekka sig drukkna og iðka aðrar álíka óviturlegar aðgerðir. Hvílík hneisa. 12 ára gamlir eru menn enn bara börn og ekkert öðruvísi heldur en það. Og börn leika sér og líka eiga að gera. Tími fullorðinsáranna kemur alveg nógu fljótt. Vínneysla rænir börn mikilvægasta parti lífsins. Sjálfri æskunni. Gagnvart þessu í dag standa menn ráðalausir. Ekki gott. Of mörg íslensk heimili eru brotin og er staða dagsins.



Hraungerðiskirkja í Hraungerðishreppi.

Áfram með söguna.

Ég kom heim dró af mér skóna fram á gangi og gekk beint inn í eldhús þar sem móðir mín var og baksa eitthvað við eldhúsvaskinn og sagði henni söguna. Hún blessunin tók þessu bara vel eins og hennar var von og lét, eftir því sem ég mann, aldrei í mín eyru upp neina skoðun í ljós um aðferðarfræði sonarins. Var bara sátt og hóf á settum tíma að gera það sem hún jafnan gerði og óumbeðið. Hafa til fót handa stráksa til að vera í um sumarið og treysta svo bara fólkinu fyrir rest. Guði og lukkunni. Eins og sagt er.

Keyptir voru gúmmískór, þið vitið, þessir með hvítu botnunum, stígvél og strigaskór. Á þessum árum hafði mér áskotnast að gjöf forlata ferðataska úr örþunnum bæsuðum krossvið sem lökkuð var glæru lakki og mikil hagleiksmíð. Hver gefandinn var og hvers vegna taskan varð mín mann ég ekki lengur. Ofan í þessa tösku fóru vitaskuld fötin. Annað sem ekki komst þar fyrir var troðið í hveitipoka fenginn í Kaupfélagi Hafnfirðinga sem stóð handan götunnar við heimili mitt. Ferðataskan, handsníðuð, tilheyrði mér í nokkur ár. Að hveitipokar væru notaðir undir fót var algengt í þann tíð hvort sem var fyrir krakka á leið í sveit eða fullorðna sem gengu til skips. Margir báru þessa hveitipoka sem til að byrja með voru merktir framleiðanda en með tímanum og endurteknum þvottum dofnaði og máðust að endingu út.

Ekki verður því algerlega neitað að stundin sem heimili manns var yfirgefið á og haldið á vit sveitaheimilis og bláókunnugs fólks hafið verið neitt annað en stór með ýmsum hugsunum sem læddust að. Og máski að heimþráin hafi skotist yfir til manns þarna í rútusætinu og bíðandi eftir því að ferðin austur hæfist með regnið glymjandi á þakinu. Samt var andartakið merkt vissum spenningi og eftirvæntingu um allt sem framundan var og óskrifað blað. Þó ekki muni maður sérstaklega eftir neinni heimþrá á þessu andartaki útilokar maður hana samt ekki. En hún skundaði inn á milli til manns yfir sumarið þó stutt dveldi í hvert sinn. Heimþrá! Breytingin sjálf á högum vorum veldur henni. Ekki endilega kringumstæður.

Úti var leiðindaveður, ausandi rigning og vatnsveður. Ekta vorveður á Íslandi. Á tíma áætlunarinnar ók rútan út af stæði sínu við BSÍ og bílstjórinn tók stefnu út á Miklubraut og svo áfram austur eftir. Og " gaf í. "

Margir þekkja lagið " Daydreaming " í flutningi hljómsveitarinnar The Lovin' Spoonful sem vinsælt var á þessum tíma ásamt mörgum öðrum innlendum og erlendu söngvum. Lagið ómaði í hátölurum rúttunnar eftir að Selfossi sleppti og enn sama úrhellið úti og var er lagt var upp frá BSÍ í Reykjavík. Lagið sem maður heyrir enn, svona annað veifið, minnir mig á veru mína inn í þessari rútu á leið í Flóann og upplifir þá aftur regnið sem lak niður rúðuna í þessari fyrstu ferð úr öryggi foreldrahúsanna. Merkilegt - en þó ekki. Var enda atburðurinn risavaxinn í veruleika þessa tólf ára stráks en samt, eins og áður segir, afskaplega venjulegt sem margir krakkar hafnfirskir í þann tíð voru þátttakendur í og ekkert sérstakt. Í raun og veru voru mál með þeim hætti. Sumir krakkar fóru reyndar aldrei í sveit og voru heima. Líka gott.

Rútan stöðvaðist við heimkeyrsluna heim að bænum og afhenti bílstjórinn mér töskuna og pokann sem maður bar upp brekkuna í rigningunni og knúði dýra og heyrði hund inni gelta.






Þingborg í Hraungerðishreppi. Enn á sínum stað.

Sumarið leið og gerðist margt skemmtilegt. Svólíttill samgangur varð milli bæjanna tveggja og hittumst við félagarnir alloft. Ætli gangurinn þarna á milli hafi ekki verið svona fimmtán, tuttugu mínútur, eitthvað svoleiðis og ekki mikið lengri. Gengið var yfir hlað Lambastaða, bærinn þarna á milli, sem engin, eða lítill búskapur var á í þann tíð.

Sumarið 1966 tók maður þátt í öllum venjulegum sveitastörfum og fékk að taka í dráttarvél, sem var nú gaman, heyja með fólkinu og koma heyi inn í hlöðuna og gert með aðstoð traktors sem festur var í vír úr blökk í enda hlöðunnar gengt hurðaropinu og hinn endinn festur í heyið á vagninum sem tóg hafði verið hnýtt utan um. Algegn aðferð í sveitinni á þessum tíma. Og mikið hlassið dróst af heyvagninum og inn fyrir. Þar þurfti að róta úr því til hliðanna.


Á bænum stóð hár og mikill súrheysturn, einnig nokkuð algengur í allavega Hraungerðishreppi. Til að koma heyinu upp í turninn var notast við blásara og sami traktor notaður sem dreif heyið inn í hlöðuna. Vél þessi var gömul og af tegundinni Massey Harris og lítið notuð í annað en þessi tvö verk. Muni ég rétt. En svo sem mikilvæg. Löng, nokkrir metrar, og um þrjátíu sentímetra breið reim fór upp á hjól á traktornum og blásarans og strekkt á. Kúplað var saman og inngjöfin aukin uns nægur snúningur náðist. Eftir að blásarans náði réttum hraða var gerlegt að moka í hann heyinu og koma upp í nokkra metra háan turninn. Er súrheysturninn var við að fyllast þurfti einhver að klifra upp stiga utan á honum og koma sér fyrir við blásarastútinn efst og róta frá til að koma eins miklu fyrir af heyi og frekast var hægt. Þarna uppi var mikið fjör og fjúkandi strá allt í kring og umhverfið allt á fleygiferð. Er heyið (súrheyið) seig var meira bætt ofan á og gerðist í nokkur skipti uns ekki varð meira sett þangað upp. Og öllu líkur.



Íslenskar kýr. Nytjastofn sem hér hefur verið frá landnámi.

Eitt af sumarverkunum var að sækja kýrnar í hagan og reka heim til kvöldmjalta og fara í fjósið með fólkinu. Oft settist maður á bak belju á leiðinni og lét bera sig svo og svo langa vegalengd. Sérstakleg ef yfir mýrasvæði var að fara. Þær greyin tóku þessu vel og leyfði mér að klöngrast upp á bak sitt og gengu áfram sína rólegu göngu og hægðu ekki ferðina þó maður klöngraðist upp á bak þeirra. Í fjósinu fékk maður tuttla úr beljunum eftir mjaltavélarnar. Mjólkin í spennum var ófús að koma niður og fór þess stað aftur upp í jógrið er fingurnir lukust um hann af þeirri ástæðu að mjaltadrengurinn og kaupstaðastrákurinn kunni ekki aðferðina við þetta. Gleymdi, kunni ekki, að loka fyrir spennan fast upp við jógrið áður en kreist var. Seinlæti mjaltadrengs olli blessuðum skepnunum sinni ópolinmæði sem áttu fyrir vikið það til að stíga fæti ofan í fötuna og ónýta mjólkursopann sem þar var, honum til lítillar gleði. Verst þótti honum gerðist slíkt eftir að hafa loks svo gott sem fyllt mjólkurfötuna að fá þá eitt stykki hárga afturlöpp belju á kaf ofan í skjóluna. Við það alltént kviknaði ekki fallegasta bros andlitsins. Segjum það.

Eftir einu mann ég um kúareksturinn að eitthvað var ég að flýta mér í þann dag og rak beljurnar full hratt að þær greyin byrjuðu allar að hlaupa. Kom þá bóndinn út á stétt og hrópaði til mín og baðaði út höndunum. Við hlaupin vildi mjólkin víst hristast úr júgrunum og ekki það sem ætlast var til. Hún átti að fara í mjólkurbrúsanna en ekki leka öll niður á jörðina. Þessu gerði maður sér ekki neina grein fyrir og lærði af.



Auglýsing í dagblaðinu Tímanum frá 5 maí 1966.

Að venju var ekki etið fyrr en eftir kvöldmjaltir og mann ég eftir heimsókn vina úr bænum um það bil sem fjósverkum lauk og við að koma út úr fjósinu. Einn í hópnum rak upp stór augu er ég gat þess við hann að við værum að fara að borða og klukkan um 20.00. " Hvað! Eruð þið ekki enn búin að borða " - spurði manngreyið og átti ekki til orð. Steinhissa á þessum seinagangi. Hans matartími var klukkan nítján, og punktur á eftir. En svona lagað er algengt í sveitinni og kæmi mér ekki á óvart þó þessi háttur sé enn viðhafður þar. Ekki eru heldur allir mikið inn í lífi sveitafólks. Og hefur svo verið hin síðari ár og eftir að menn hófu fyrir alvöru að flytjast á mölina. En mikið var það nú gaman fyrir tólf ára stráak að fá umrædda heimsókn að heiman og aðrar álíka sem komu sumarið 1966. Sannkallaðar gleðistundir. Trúið því.

Veran á bænum var góð. Að koma heim aftur haustið 1966 með 250 krónur upp á vasann eftir sumardvölinu frá ágætum bóndanum, og reynslu af fjárréttum, Skeiðaréttum, og setjast að kvöldverði með sínu fólki og snæða þverskorna ýsu með kartöflum og floti þó sýnu betra. Meira að segja þá beið maður eftir að allir settust til borðs áður en maður fékk sér sjálfur að borða. En sá siður, ágætur reyndar, viðgekkst á sveitaheimilinu. Þetta stóð samt ekki lengi. Enda ekki regla í vorum foreldrahúsum. Sinn siður fylgir hverju heimili. Einnig hlakkaði manni til skólans, Lækjarskóli, sem hófst skömmu síðar. Stundum er gott að bregða sér af bæ til að fá upplifað á eigin skinni hvar maður eigi heima. Er þetta ekki stundum svona?

# HEYSKAPUR GENGUR ILLA NYRÐRA

KT—Reykjavík, fimmtudag.

Heyskapur gengur víða illa fyrir norðan um þessar mundir vegna ótiðar. Gras er víðast hvar vel sprottið, en ekki hægt að þurrka það. Er útlitið annað en gott, ef tíðin batnar ekki á næstunni. Kom þetta fram, er Tíminn hafði samband við fréttaritari sína fyrir norðan í dag.

Í Skagafirði gengur heyskapur ið óhagstæð, svo heyskapur er inn seint. Ekkert hefur verið hægt að þurrka s. l. hálfan mánuð. Gras spretta hefur verið góð og fer grasið að spretta úr sér. Dauft hljóð er í mönnum yfir ástandinu, en heyskapurinn hefur gengið miklu seinna en í fyrra.

Í sveitunum inn af Skjálfanda flóa urðu, eins og kunnugt er miklar skemmdir á tünnum í vor og hefur spretta því verið lítil í sumar. Auk þess hefur tíðin ver

skammt á veg kominn. Flestir eru búnir að hirða eitthvað af heyjum. en fyrri sláttur er ekki hálfnaður.

Á Hólsfjöllum hefur heyskapur gengið einna verst í sumar. Þar hefur verið kalt og þurrkalaus að undanfögnu og bleytur. Heyskapur var lítillaga hafinn, áður en óveðrið gekk yfir um helgina. en ekkert hefur enn náðt inn af heyjum. Gras er orðið mjög mikið og bíða menn þar nú eftir þurrki.

Frétt í dagblaðinu Tímanum föstudaginn 29 júlí 1966. Kunnuglegt. Veðrið spilar inn í verk sveitarinnar og br